

Eftir að hafa prófað ýmsar lausnir og ferli í kringum mannauðinn í mörg ár ákvað FoodCo hf., árið 2007, að fjárfesta í **H3 launa- og mannauðskerfinu** frá Tölvumiðlun. H3 gerir FoodCo kleift að halda utan um mannauðinn og allt sem tengist starfsmönnum og störfum í einu kerfi.

HVÆÐ ER FOODCO?

FoodCo er hlutfélag sem heldur utan um nokkrar þekktar skyndibitakeðjur og veitingastaði á Íslandi, American Style, Eldsmíðjuna, Greifann, Lækjarbrekku, Aktu-Taktu og Pítuna. FoodCo var stofnað árið 2002 og hefur vaxið og dafnað síðan þá. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns í dag, bæði í Reykjavík og á Akureyri.

HVERNIG VAR FERLIÐ?

FoodCo hafði notað H-Laun (undanfara H3 launa- og mannauðskerfisins) síðan 2004 og þegar uppfærsla í H3 laun var orðin tímabær ákvað FoodCo að hagræða enn frekar með því að bæta við fleiri einingum úr H3 lausninni. Markmiðið var að straumlínulaga fyrirtækið og ná meiri hagkvæmni í stjórnun starfsmannamála. Skoðuð voru nokkur launa- og mannauðskerfi á markaðinum en H3 varð fyrir valinu.

Byrjað var á **H3 laun**. Uppsetning, innleiðing og námskeið tóku nokkrar vikur frá undirritun samnings 26. september 2007. Launagögn voru færð úr H-Laun fyrir árin 2005, 2006 og 2007 með það að markmiði að samanburðartölur væru strax til staðar og ekki þyrfti að stökkva á milli kerfa til að leita upplýsinga. Að lokinni uppsetningu fór kerfið í gegnum hefðbundnar prófanir og þann 1. desember 2007 voru laun greidd út í H3 í fyrsta sinn. Sett var upp bókhaldstenging fyrir DK og rafrænar sendingar til lífeyrissjóða og stéttarféлага.

H3 mannauður var sett upp samhliða H3 laun og nú hefur hver starfsmaður sitt spjald þar sem geymdar eru allar helstu upplýsingar.

H3 greiningar var tekið inn í desember 2007 m.a. til þess að vinna afstemmingar innan hvers mánaðar, einfalda gerð skýrslna til stjórnenda varðandi launaþróun og gefa stjórnendum aðgang að teningum til þess að greina launagögn í rauntíma eftir ýmsum viddum og mælieiningum.

H3 ráðningar var tekið í notkun vorið 2008 til að halda utan um ráðningaferlið, allt frá umsóknum og greiningu umsækjanda til ráðningar og yfirfærslu í launakerfið. FoodCo berst umtalsvert magn umsókna á hverju ári og það skiptir því miklu máli að halda skipulega utan um allt ráðningaferlið og samskipti við umsækjendur.

H3 SVÍTAN - KERFISLÝSING

H3 er upplýsingakerfi sem aðstoðar stjórnendur við utanumhald mannauðsmála. Kerfið samanstendur m.a. af einingunum H3 laun, H3 dagpeningar, H3 greiningar, H3 mannauður, H3 ráðningar, H3 starfsmenn, H3 stjórnun og H3 fræðsla.

Allar kerfiseiningar í H3 eru samþættar og því komið í veg fyrir tvískráningar sömu upplýsinga. Breytingar þarf því aðeins að framkvæma einu sinni. Gögn flæða milli kerfiseininga og þannig fæst mismunandi sýn á sömu gögnin. Sömu upplýsingar um starfsmenn

„Áður fyrr var ráðningaferlið þannig að fólk sendi inn umsókn á pappír, í gegnum síma eða í gegnum tölvupóst. Ekki var haldið utan um gögnin í gagnagrunni þannig að erfitt var að flokka og greina umsækjendur. Það fór mikil vinna í greiningu umsókna. Utanumhaldið var seinvirkt og svörin barst oft ekki. Þar sem hraðinn er oft mikill frá umsókn til ráðninga var innleiðing H3 ráðninga liður í að gera ferlið skilvirkara, fagmannlegra og barst umsækjendum alltaf svar.“

Herwig Syen, mannauðsstjóri FoodCo hf.

eru aðgengilegar bæði í launakerfi og mannauðskerfi og jafnvel á vefnum, með þeim takmörkunum þó að upplýsingar varðandi laun og launakjör eru ekki í mannauðshluta kerfisins. Sé upplýsingum breytt í einni kerfiseiningu sést breytingin samstundis í öðrum.

H3 tekur á móti tímaskráningar- og launafærslum frá viðverukerfum og skilar bókhaldsfærslum til allra bókhaldskerfa. Einnig getur H3 skilað upplýsingum og skýrslum á innri/ytri vefsíður og/ eða í Excel til greiningar, áætlanar og myndrænnar framsetningar.

ÁVINNINGURINN?

Með því að skipta kerfinu upp í margar mismunandi kerfiseiningar greiðir

notandinn einungis fyrir þá þætti kerfisins sem hann þarf á að halda. Einnig gefur þetta möguleika á að veita mismunandi notendum aðgang að mismunandi einingum – eftir hlutverki hvers og eins. Ávinningurinn af samþættingu kerfiseininga er gríðarlegur. Það tekur launafulltrúa FoodCo fáeina daga að reikna laun fyrir 400 starfsmenn sem er mun styttri tími en áður og allar upplýsingar eru samstundis til staðar fyrir stjórnendur.

„Hjá FoodCo notum við H3 kerfið til þess að halda utan um allan mannauðinn, gera ráðningasamninga, halda utan um fræðslu sem fer fram, fá þær upplýsingar úr kerfinu sem stjórnendur þurfa, halda utan um ráðningarferlið og svara umsækjendum. Notkun forritsins sparar talsverðan tíma og hjálpar okkur að þjónusta bæði stjórnendur fyrirtækisins, stjórnendur á gólfinu og starfsmenn.“

Herwig Syen, mannauðsstjóri FoodCo hf.

Í H3 laun eru öll skil launatengdra gjalda afar einföld og með einum músarsmelli má t.d. skila inn gögnum til stéttarféлага, líffeyrissjóða og gjaldheimtna - í gegnum rafræn skeyti (XML), textaskrá eða PDF í tölvupósti, allt eftir því hvaða form viðkomandi aðili styður. Þannig eru útprentaðar skilagreinar óþarfar og þar með umsýslan og kostnaður tengdur póstsendingum úr sögunni.

Hjá FoodCo tekur H3 á mótí tíma- og launafærslum frá viðverkerfinu Bakverði og skilar bókhaldsfærslum til DK. Þessi ferli eru að mestu leyti sjálfvirk.

Heildarávinningurinn er margþættur:

- Eitt notendavænt kerfi leysir flestöll mannauðsmálín.
- Rafrænn innlestur á tímaskráningum og færsluskrá til innlesturs í bókhald.
- Öll skjöl (og eyðublöð) í gagnagrunni sem einfaldar leit, greiningu og afgreiðslu.
- Sjálfvirk svör til umsækjenda.
- Sjálfsafgreiðsla starfsmanna og stjórnenda.
- Engar tvískráningar í launa- og mannauðskerfum.
- Tími sparast við starfsmannahald.

ÁKVÖRDUNARTAKA

– RÉTTLÆTING FJÁRFESTINGAR

Við val á mannauðskerfi er ekki einvörðungu horft á hvernig kerfið uppfyllir þarfir fyrirtækisins og kröfur stjórnenda og starfsmanna, heldur skiptir kostnaðurinn einnig gríðarlega miklu máli. Oft liggur töluverð fjárfesting í eldri launa- og mannauðskerfum og ekki má gleyma innri kostnaði starfsmanna við að tileinka sér nýja kerfið og aðlaga vinnuferla að því. Rekstrarkostnaður H3 kerfisins er hóflegur, sérstaklega ef reiknaður er kostnaður á hvern starfsmann. Fjárfestingin sem lá í eldri kerfum FoodCo nýttist að hluta þar sem gögn úr þeim voru flutt yfir í H3.

„Fjárfesting FoodCo í H3 sparaði mikinn tíma við utanumhald á mannauðsmálum, útborgun launa, skráningu gagna, skýrslugerð & upplýsingagjöf til starfsmanna og stjórnenda og hún skilaði sér fljótt til baka.“

Herwig Syen, mannauðsstjóri FoodCo hf.

AF HVERJU TÖLVUMIÐLUN?

Tölvumiðlun hefur sérhæft sig í þjónustu við rekstraraðila og hefur undanfarinn áratug byggt upp öflugt ráðgjafa- og þjónustusvið sem hefur á að skipa starfsfólki með mikla sérþekkingu á launavinnslu, mannauðsmálum, bókhaldi og rekstri tölvukerfa. Við leggjum áherslu á að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu, sem hefur skilað sér í glæsilegri útkomu í árlegri þjónustukönnun Tölvumiðlunar – árangur sem við erum stolt af.

Um 500 íslensk fyrirtæki nota nú H3 lausnina með góðum árangri. H3 er stöðluð lausn og öll fyrirtæki nota sömu útgáfu án sértækrar aðlögunar. Allar viðbætur og uppfærslur skila sér til allra notanda á sama tíma. Notendur uppfæra kerfið sjálfir á internetinu.

UM TÖLVUMIÐLUN

Tölvumiðlun er eitt elsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins, stofnað árið 1985. Hjá Tölvumiðlun starfar samhentur hópur sérfræðinga, sem þjónustar mörg hundruð ánægða notendur H3 launa- og mannauðslausnarinnar, SFS fjárhagskerfisins, auk annarra hugbúnaðarkerfa. Við setjum gæði, metnað og góða þjónustu í fyrsta sæti.

HAFNA SAMBAND

Ef þú hefur áhuga á því að kynna þér lausnir Tölvumiðlunar á sviði launa- og mannauðsmála hikaðu ekki við að hafa samband.

Sími: 545 5000 | Netfang: info@tolvumidlun.is